

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 8/2021

frá 5. febrúar 2021

um breytingu á I. viðauka við EES-samninginn (Heilbrigði dýra og plantna)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/602 frá 15. apríl 2020 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/717 að því er varðar fyrirmyndir að eyðublöðum fyrir dýraræktarvottorð fyrir kynbótadýr og kímefni þeirra ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1179 frá 6. ágúst 2020 um breytingu á I. viðauka við ákvörðun 2009/177/EB að því er varðar stöðu Álandseyja í Finnlandi að því er varðar eftirlitsáætlun vegna veirublæðis, Eistlands að því er varðar eftirlits- og útrýmingaráætlun vegna veirublæðis og iðradreps, Króatíu að því er varðar skjónakarpaherpesveiki og tiltekinna svæða í Bretlandi vegna sýkingar af völdum ostruveikisýkils ⁽²⁾.
- 3) Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/602 fellir úr gildi ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar 84/247/EBE ⁽³⁾, 84/419/EBE ⁽⁴⁾, 89/501/EBE ⁽⁵⁾, 89/502/EBE ⁽⁶⁾, 89/503/EBE ⁽⁷⁾, 89/504/EBE ⁽⁸⁾, 89/505/EBE ⁽⁹⁾, 89/506/EBE ⁽¹⁰⁾, 89/507/EBE ⁽¹¹⁾, 90/254/EBE ⁽¹²⁾, 90/255/EBE ⁽¹³⁾, 90/256/EBE ⁽¹⁴⁾, 90/257/EBE ⁽¹⁵⁾, 90/258/EBE ⁽¹⁶⁾, 92/353/EBE ⁽¹⁷⁾,

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 139, 4.5.2020, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 259, 10.8.2020, bls. 29.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 125, 12.5.1984, bls. 58.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 237, 5.9.1984, bls. 11.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 247, 23.8.1989, bls. 19.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 247, 23.8.1989, bls. 21.

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L 247, 23.8.1989, bls. 22.

⁽⁸⁾ Stjtið. ESB L 247, 23.8.1989, bls. 31.

⁽⁹⁾ Stjtið. ESB L 247, 23.8.1989, bls. 33.

⁽¹⁰⁾ Stjtið. ESB L 247, 23.8.1989, bls. 34.

⁽¹¹⁾ Stjtið. ESB L 247, 23.8.1989, bls. 43.

⁽¹²⁾ Stjtið. ESB L 145, 8.6.1990, bls. 30.

⁽¹³⁾ Stjtið. ESB L 145, 8.6.1990, bls. 32.

⁽¹⁴⁾ Stjtið. ESB L 145, 8.6.1990, bls. 35.

⁽¹⁵⁾ Stjtið. ESB L 145, 8.6.1990, bls. 38.

⁽¹⁶⁾ Stjtið. ESB L 145, 8.6.1990, bls. 39.

⁽¹⁷⁾ Stjtið. ESB L 192, 11.7.1992, bls. 63.

92/354/EBE ⁽¹⁸⁾, 96/78/EB ⁽¹⁹⁾, 96/79/EB ⁽²⁰⁾, 2005/379/EB ⁽²¹⁾ og 2006/427/EB ⁽²²⁾, sem hafa verið teknar upp í EES-samninginn og ber því að fella gerðirnar brott samkvæmt samningnum.

- 4) Ákvörðun þessi varðar m.a. löggjöf um lifandi dýr önnur en fisk og eldisdýr og dýraafurðir á borð við egg, fósturvísa og sæði. Löggjöf á þessu sviði á ekki við um Ísland eins og fram kemur í 2. mgr. inngangsorða I. kafla I. viðauka við EES-samninginn.
- 5) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki eiga við um Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og kveðið er á um í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki við um Liechtenstein.
- 6) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða gerðar á I. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi er bætt við 36. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/717) í hluta 2.2:

„, breytt með:

- **32020 R 0602:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/602 frá 15. apríl 2020 (Stjtið. ESB L 139, 4.5.2020, bls. 1).“

2. Eftirfarandi undirlið er bætt við 89. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/177/EB) í hluta 4.2:

- „– **32020 D 1179:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1179 frá 6. ágúst 2020 (Stjtið. ESB L 259, 10.8.2020, bls. 29).“

3. Texti 1. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 84/247/EBE), 2. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 84/419/EBE), 7. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 89/501/EBE), 8. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 89/502/EBE), 9. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar

⁽¹⁸⁾ Stjtið. ESB L 192, 11.7.1992, bls. 66.

⁽¹⁹⁾ Stjtið. ESB L 19, 25.1.1996, bls. 39.

⁽²⁰⁾ Stjtið. ESB L 19, 25.1.1996, bls. 41.

⁽²¹⁾ Stjtið. ESB L 125, 18.5.2005, bls. 15.

⁽²²⁾ Stjtið. ESB L 169, 22.6.2006, bls. 56.

89/503/EBE), 10. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 89/504/EBE), 11. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 89/505/EBE), 12. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 89/506/EBE), 13. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 89/507/EBE), 16. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 90/254/EBE), 17. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 90/255/EBE), 18. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 90/256/EBE), 19. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 90/257/EBE), 20. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 90/258/EBE), 22. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 92/353/EBE), 23. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 92/354/EBE), 25. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/78/EB), 26. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/79/EB), 31. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/379/EB) og 32. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/427/EB) í hluta 2.2 fellur brott.

2. gr.

Norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2020/602 og íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2020/1179, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. febrúar 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Clara Ganslandt

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.